

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingeystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Deiliskipulag fyrir Ála.

Deiliskipulagið tekur til hluta jarðarinnar Ála, landnr. 213588. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss/bílskúrs allt að 200 m², gestahúss allt að 70 m², útihúss/skemmu allt að 300 m² og útihúss/geymslu allt að 70 m². Aðkoma er um núverandi aðkomuveg að jörðinni.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Deiliskipulag fyrir Uppsali.

Deiliskipulagið tekur til 3 ha lóðar sem skipt hefur verið úr jörðinni Uppsöldum, landnr. 164200. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss/bílskúrs allt að 250 m², gestahúss allt að 50 m² og skemmu allt að 250 m². Aðkoma verður um núverandi aðkomuveg að Uppsöldum.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Deiliskipulag fyrir Kirkjuhvolsreit.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir allt að 3.000 m² viðbyggingu við dvalarheimilið Kirkjuhvol. Byggingin getur verið tvær hæðir og kjallari. Byggingarreitir sem merktir voru S1 á gildandi skipulagi falla út. Einnig eru gerðar breytingar á bílastæðum og göngustígum. Með gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi eldra deiliskipulag frá 2007, með áorðnum breytingum.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Deiliskipulag fyrir Þorvaldseyri.

Deiliskipulagið tekur til um 3 ha svæðis úr jörðinni Þorvaldseyri, landnr. 163728. Tillagan tekur til byggingarreita fyrir gestahús og aðkomu að þeim. Tillagan gerir ráð fyrir að innan byggingarreits verði heimilt að byggja 3 gestahús sem hvert um sig geta verið allt að 50 m². Aðkoma er um núverandi aðkomuveg að gestastofu og um núverandi vegslóða að rústum útihúss á svokölluðum Hæðum. Gert er ráð fyrir að sá slóði verði endurbættur.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Deiliskipulag fyrir Rauðafell.

Deiliskipulagið tekur til um 0,2 ha íbúðarlóðar úr landi Rauðafells 1, landnr. 163706 og aðkomu að henni. Á lóðinni er gert ráð fyrir allt að 120 m² íbúðarhúsi og 50 m² bílskúr.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Deiliskipulag fyrir Syðri-Kvíhólma.

Deiliskipulagið tekur til um 1,2 ha lóðar úr landi Syðri-Kvíhólma. Tillagan gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum innan lóðarinnar. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu frístundahúss, tveggja gestahúsa og skemmu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Deiliskipulag fyrir Steinmóðarbæ.

Deiliskipulagið tekur til um 3 ha spildu úr landi Steinmóðarbæjar. Tillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, bílskúrs og byggingar sem ætlaðar eru fyrir ferðaþjónustu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 11. febrúar 2016.

Nr. 338

12. apríl 2016

Deiliskipulagsbreyting fyrir Hellishóla.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til nánari skilgreininga á tjaldsvæði þar sem eru langtíma stæði fyrir hjólhýsi. Einnig gerir breytingin ráð fyrir að frístundalóðunum Réttarmóa 1 og 3 verði breytt í íbúðarhúsalóðir.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. mars 2016.

Deiliskipulagsbreyting fyrir Ormsvöll, Dufþaksbraut og hluta Hlíðarvegar.

Deiliskipulagsbreytingin tekur aðallega til breytingar á landnotkun, breytinga á lóðastærðum og byggingarreitum.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 14. janúar 2016.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. apríl 2016.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2016